

Nd.

126. Frumvarp

til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Er meta skal verðmæti lóða eða landa Reykjavíkurkaupstaðar, sem bæjarstjórn Reykjavíkur selur öðrum, lætur á leigu eða erfðafestu, eða lætur til einhverra sjerstakra afnota, svo og er meta skal leiguna eða afnotagjaldið, skal það gert af sjerstakri matsnefnd.

2. gr.

Matsnefndina skipa þrjú menn, sem kosnir sjeu til 6 ára í senn; kys bæjarstjórnin 2 þeirra, en stjórnarráðið einn og er sá formaður nefndarinnar. Gengur einn úr nefndinni annaðhvert ár. Fyrstu tvö skiftin ræður blutkesti, hver úr skuli ganga.

Á sama hátt kys stjórnarráðið einn varamann, er taki sæti í nefndinni, ef formaður hennar forfallast, og bæjarstjórnin tvo varamenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna.

Nefndarmenn, hvort sem er aðalmaður eða varamaður, sem úr gengur, má kjósa aftur svo oft sem vill.

3. gr.

Hver nefndarmaður fær 4 krónur fyrir hvern dag, sem hann er að mati. Kostnaðurinn við mat hvert greiðist úr bæjarsjóði, nema öðruvísi sje um samið.

4. gr.

Hver nefndarmaður skal, áður en hann tekur til starfa í nefndinni, vinna drengskaparheit að því, að hann skuli framkvæma starf sitt í nefndinni eftir bestu samvisku.

5. gr.

Hvert land og hverja lóð, sem metin er, skal meta eins og þau mundu sanngjarnlega seld, leigð eða látin til sjerstakra afnota. Við matið skal sjerstaklega tekið tillit til legu hins metna, hve mikill hluti þess liggur við götu eða alfaraveg, eða ef ekki liggur við götu, nálægðar við götu eða alfaraveg, hvort hið metna er sjerstaklega hæft til sjerstakra afnota, hverju verði lóðir eða lönd, sem liggja að lóð þeirri eða landi, sem meta á eða í nágrenninu hafa síðast verið seld eða metin, eða hver leiga eða afnotagjald er goldin, eða hefir síðast verið goldin fyrir nágrannalóðirnar og löndin, ef leigumálinn er ekki eldri en 5 ára.

6. gr.

Ef nefndarmenn greinir á um matið, ræður afl atkvæða.

7. gr.

Bæjarstjórnin setur ítarlegar reglur um mat á lóðum og löndum í Reykjavíkurkaupstað.

8. gr.

Matsnefnd sú, sem skipuð verður samkvæmt lögum þessum, skal framkvæma mat á lóðum og löndum einstakra manna, sem taka þarf að nokkru eða öllu undir götur, vegi, torg eða til annara þarfa bæjarfélagsins lögum samkvæmt, svo og önnur mót, sem bæjarstjórnin vill fela henni.